

# SOS

## BARNAPORPIN



FRÉTTABLAÐ 1. TBL. 23 ÁRG. 2017

FRJÁLS FRAMLÖG



**SOS**  
**BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili

REIKNINGSNÚMER: 0130-26-9049

KENNITALA: 500289-2529



# BÖRNIN NUTU GÓÐS AF ÞEIRRA ÆVISTARFI

Í byrjun árs fengu SOS Barnaþorpin erfðagjöf í formi íbúðar. Íbúðin var í eigu hjónanna Renate Scholz og Ásgeirs Kristjóns Sörensen. Ásgeir lést árið 2009 en Renate árið 2015. Hjónin voru barnlaus og gátu því ráðstafað öllum eignum sínum með erfðaskrá.

Það varð raunin að Renate ákváð árið 2013 að gera erfðaskrá þar sem skýrt var kveðið á um að íbúð þeirra í Háholti 16 í Hafnarfirði skyldi renna til SOS Barnaþorpanna en hjónin höfðu verið styrktaraðilar samtakanna í áraraðir. Erfðaskráin var skráð hjá sýslumanni og var í hans vörslu þar til Renate lést en í kjölfarið fengu SOS Barnaþorpin íbúðina afhenta.

Hjónin voru afar samhent samkvæmt aðstandendum og einkenndist hjónabandið af virðingu og vináttu. Ásgeir lærði húsgagnabólstrun og vann alla starfsævi sína við þá iðn. Renate vann lengi hjá St. Jósefssysturum, fyrst á spítalanum í Hafnarfirði en síðar við skólann í Landakoti.

SOS Barnaþorpin eru hjónunum innilega þakklát og mun stjórn SOS á Íslandi úthluta fjármuninum sem fást fyrir íbúðina í þágu barna. Hjónin eru þó ekki þau einu sem vilja láta skjólstæðinga SOS Barnaþorpanna njóta góðs af ævistarfi sínu. Mikill fjöldi einstaklinga um allan heim ánafnar SOS eignum sínum að hluta til eða öllu leyti eftir sinn dag og þannig geta samtökin hjálpað mun fleiri börnum en ella.

Í febrúar var SOS Barnaþorpunum tilkynnt um erfðagjöf frá konu að nafni Hulda G. Böðvarsdóttir. Um var að ræða eina milljón króna sem Hulda arfleiddi SOS að með því skilyrði að fjármuninum yrði varið á sem bestan máta fyrir skjólstæðinga samtakanna.

Hulda bjó í Reykjavík og átti enga lögerfingja. SOS Barnaþorpin voru ekki einu félagasamtökin sem nutu góðs af velvild Huldu en einnig fengu Kattavinafélag Íslands, Bugl –barna og unglingsgeðdeild LSH og Geðhjálp eina milljón króna hvert um sig frá Huldu.





## FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRA

# Þetta gætum við ekki án þín

### Kæri SOS vinur

Milljónir barna í heiminum eiga þess ekki kost að búa með og alast upp hjá foreldrum sínum. Þau börn hafa dottið úr hreiðrinu og lent ósjálfbjarga í hrjóstrugu umhverfi. Hlutverk SOS Barnaþorpanna er að taka þessi börn upp, með þínum stuðningi, og veita þeim umönnun. Ekki bara í nokkra daga eða vikur, heldur í gegnum öll æskuárin.

Þú ert hluti af þessum björgunaraðgerðum og án þín væri hjálp okkar ekki sú sem hún er í dag.

Um 80.000 börn sem lent hafa í þessum aðstæðum búa nú við hlýju og góða umönnun í SOS Barnaþorpum. Þetta eru álíka mörg börn og öll börn á Íslandi.

Þessi börn eru ekki einhver númer í kerfinu okkar, heldur þekkjum við hvert einasta barn, styrki og veikleika, vonir og væntingar, skapgerð og svipbrigði. Við vitum líka hver uppáhaldsmaturinn þeirra er, áhugamál og hvernig þau vilja hafa hárið greitt. Öll þessi þekking er ómetanleg í barnahjálparstafi og gerir starf SOS Barnaþorpanna svo persónulegt og einstaklingsmiðað.

### Styrktarforeldrum fjölgar

Af þessum 80.000 börnum eiga um 9.000 börn íslenska styrktarforeldra sem hefur fjölgað verulega undanfarin ár, eða úr 5.828 í 8.687 á þremur árum. Það er 49% aukning. Ofan á þennan fjölda bætast svo um 600 Fjölskylduvinir og yfir 15.000 manns sem styrkja starf SOS Barnaþorpanna með öðrum hætti, t.d. með frjálsum framlögum.

Samtals námu framlög ykkar um 500 milljónum króna á síðasta ári.

Við viljum að SOS vinir og allur almenningur geti sótt sér upplýsingar um störf og fjármál SOS Barnaþorpanna og á [www.sos.is](http://www.sos.is) má m.a. sjá ársreikninga samtakanna og til hvaða landa framlögin fara.

Hjartans þakkir fyrir þinn stuðning. Hann skiptir máli og getur meira að segja skipt höfuðmáli í lífi eins barns.

Ragnar Schram



**Útgefandi:** SOS Barnaþorpin á Íslandi  
**Ábyrgðarmaður:** Ragnar Schram  
**Ritstjóri:** Sunna Stefánsdóttir  
**Heimilisfang:** SOS Barnaþorpin  
Hamraborg 1 | 200 Kópavogi  
**Sími:** 564 2910  
[sos@sos.is](mailto:sos@sos.is) | [www.sos.is](http://www.sos.is)  
**Umbrot:** Hype Markaðsstofa  
**Prentun:** Oddi  
**Prófarkalestur:** Ragnar Ingi  
Aðalsteinsson  
**Forsíðumynd:** Barn og móðir í SOS  
Barnaþorpinu í Santo á Haití.

# HVERS VEGNA STANDAST SOS HÚSIN NÁTTÚRUHAMFARIR?



Hamfarir síðustu ára sýna okkur hversu mikils virði það er að hús séu vel byggð. Sú staðreynd að ekkert SOS barn hefur látist í náttúruhamförum á 68 árum sýnir hversu vel húsin í SOS Barnaþorpum eru byggð. Það að heimilin séu vönduð og sterkbyggð er afar mikilvægt þegar kemur að öryggi SOS barna og starfsfólks í náttúruhamförum.

Þann 8. nóvember 2013 reið fellibylurinn Haiyan yfir Filippseyjar með þeim afleiðingum að austurhluti borgarinnar Taclobangjöreyðilagðist. SOS Barnaþorpið í borginni stóð hins vegar fellibylinn af sér á meðan öll hús í nágrenninu skemmdust illa eða eyðilögðust. Hundrað börn voru í þorpinu ásamt SOS foreldrum og

öðru starfsfólki. Þau héldu sig inni í húsunum á meðan verstu vindhviðurnar stóðu yfir en fóru upp á háaloft húsanna þegar flóð fyllti götur Tacloban. Engin meiðsl urðu á börnum, foreldrum eða starfsfólki. Húsgögn og gólf urðu þó fyrir vatnsskemmdum og lagnir fylltust af mold.

Húsin í SOS Barnaþorpinu voru byggð á sínum tíma til að þola vindhviður sem ná 250 km/klst. Haiyan náði allt að 350 km/klst og er líklegast öflugasti fellibylur í heimi. Ein milljón fjölskyldna varð fyrir barðinu á honum en einn angi neyðaraðstoðar SOS eftir hamfarirnar var að endurbyggja heimili fyrir um 500 fjölskyldur. Mikil áhersla var lögð á gæði og að húsin myndu þola annan fellibyl. Þess má geta að utanríkisráðuneyti



Hús sem skemmdist í fellibylnum Hayan



SOS Barnaþorpið í Tacloban

Íslands styrkti þá neyðaraðstoð um tólf milljónir króna.

Þar sem SOS húsin standa af sér hamfarir eru þau oft nýtt sem neyðarskýli í kjölfarið. Þannig bjargar vandaður byggingarstíll ekki bara mannlífum SOS barnanna heldur nýtast þau líka í neyðaraðstoð samtakanna. Hamfarirnar á Filippseyjum eru ekkert einsdæmi. Svipaða sögu má segja frá Nepal, Haítí, Ekvador, Indlandi og Srí Lanka þar sem húsin í SOS Barnaþorpunum hafa staðið af sér jarðskjálfta og fellibylji. Áhersla SOS er alltaf að byggja vönduð hús með litlum viðhaldskostnaði sem standast náttúruhamfarir og virðist sú aðferðafræði vera að skila sér.



SOS húsin í Tacloban stóðust fellibylinn



# 35 MILLJÓNIR Í NEYÐARVERKEFNI

Í ársbyrjun ráðstöfuðu SOS Barnaþorpin á Íslandi tæpum 35 milljónum til neyðarverkefna samtakanna í sex löndum. Um er að ræða lönd þar sem neyðin er mikil; Suður-Súdan, Írak, Mið-Afríkúlýðveldið, Ekvador, Nígería og Níger. Fimm milljónir fóru til hvers lands nema til Íraks, þangað fóru tíu milljónir.

Í febrúar var hungursneyð lýst yfir í einu fylki **Suður-Súdans** en ástæður hennar eru ekki síst stríðsátök sem hafa staðið yfir í rúm þrjú ár. Átökin hafa hindrað matvælaframleiðslu og búskap ásamt því að neyða fjölskyldur til að flýja heimili sín. Staða barna í landinu er slæm en barnaþrælkun, kynferðisofbeldi gegn börnum og annað ofbeldi er því miður algengt. Helstu verkefni neyðaraðstoðar SOS eru matvælaaðstoð, sálræn aðstoð, heilbrigðisþjónusta, sameining fjölskyldna, barnavernd og menntun ásamt því að samtökin hafa komið upp neyðarskýlum og barnvænum svæðum.

**Níger** er eitt fátækasta ríki heims og var í næst neðsta sæti vísitölunnar um þróun lífsgæða árið 2016. Vegna þurrka og tíðra náttúruhamfara hefur fæðuöryggi verið lítið undanfarin ár. Þá hafa hryðjuverkasamtökin Boko Haram ráðist til atlögu í Níger en einnig hafa tugþúsundir flóttamanna frá Nígeríu og Malí komið til landsins. Neyðaraðstoð SOS í landinu felur í sér úthlutun matvæla, heilbrigðisaðstoð, sálræna aðstoð og menntun ásamt því að komið hefur verið upp barnvænum svæðum og neyðarskýlum.

Boko Haram hefur valdið miklum skaða í **Nígeríu** en neyðarástandi hefur verið lýst yfir í þremur héruðum landsins. Samkvæmt IOM, Alþjóða fólksflutningastofnuninni, eru rúmlega tvær milljónir manna á flótta í landinu, þar af ein milljón barna. SOS Barnaþorpin hafa komið upp neyðarskýlum og barnvænum svæðum ásamt því að veita matvælaaðstoð, heilbrigðisaðstoð og menntun.





Árið 2014 náði Íslamska ríkið yfirráðum yfir stórum hluta **Íraks**. Fólksflótti hefur aukist gríðarlega síðan þá en samkvæmt Sameinuðu þjóðunum eru tíu milljónir manna í þörf fyrir neyðaraðstoð í landinu. Fólk af Jasida trúarhópnum er í mikilli hættu þar sem Íslamska ríkið hefur herjað sérstaklega á þann hóp. SOS Barnaþorpin hafa komið upp nokkrum barnvænum svæðum í Írak fyrir börn í neyð. Önnur verkefni neyðaraðstoðarinnar eru dreifing matvæla, sálræn aðstoð, heilbrigðisþjónusta, lögfræðiaðstoð og menntun.

Blóðug styrjöld hefur geisað í **Mið-Afríkulýðveldinu** síðan árið 2013 en ríkið er talið eitt það vanþróaðasta í heimi. Talið er að hálf þjóðin, eða rúmar tvær milljónir manna, þurfi á neyðaraðstoð að halda. Aðskilnaður barna og foreldra er stórt vandamál í landinu en talið er að ein og hálf milljón barna sé í hættu. SOS í landinu hafa komið upp fjölda neyðarskýla og barnvænna svæða ásamt því að dreifa matvælum, útvega menntun og heilbrigðisþjónustu. Mikil áhersla er lögð á aðstoð við börn og mæður.

Stór jarðskjálfti reið yfir **Ekvador** í apríl á síðasta ári sem hafði gríðarlega eyðileggingu í för með sér. Talið er að yfir áttatíu þúsund Ekvadorar séu heimilislausir. Strax í kjölfar skjálftans hófu SOS Barnaþorpin neyðaraðstoð sem er enn í gangi. Ári eftir hamfarirnar er áhersla lögð á starfsemi barnvænna svæða, aðstoð við fjölskyldur sem búa í neyðarskýlum og barnavernd.



Neyðaraðstoð SOS í Suður-Súdan



# ÍSLENDINGAR STYRKJA LEIKSKÓLA Í VIÉTNAM

SOS leikskólinn í Viet Tri fékk þrjár milljónir frá Íslenskum styrktaraðilum

Venjulega sækja börn frá SOS Barnaþorpunum nærliggjandi leikskóla. Í löndum og á svæðum þar sem leikskólar eru ekki fyrir hendi eða eru metnir ófullnægjandi hafa SOS Barnaþorpin hins vegar byggt sína eigin leikskóla. Þeir leikskólar eru opnir börnum sem búa í SOS Barnaþorpunum sem og öðrum börnum úr nágrenninu.

Kennsluaðferðir SOS leikskólanna eru í anda uppeldisstefnu Friedrichs Fröbel og Mariu Montessori. Þó er alltaf tekið tillit til gildandi viðmiða og menningar hvers lands. Áhersla er lögð á að barnið fái að nota meðfædda hæfileika sína til sköpunar og hvert barn fær að þroskast á þeim hraða sem því hentar.

Rík áhersla er lögð á hæft starfsfólk til að tryggja börnunum þá bestu umönnun sem völ er á. Umsækjendur eru boðaðir í viðtal og þurfa að gangast undir hæfnispróf og byggist val á starfsmönnum á niðurstöðu prófs og viðtals. Kennararnir í SOS leikskólanum eru yfirleitt innfæddir.

Í leikskóla SOS Barnaþorpanna í Viet Tri stunda yfir 200 börn nám. Á síðasta ári styrktu Íslendingar leikskólann um tæpar þrjár milljónir sem nýttist afar vel enda er mikið kapp lagt á að börnin fái góða þjónustu í leikskólanum.





# Öðruvísi Jóladagatal



Nemendur í Flataskóla að opna fyrsta gluggann í Öðruvísi jóladagatali

Fyrir síðustu jól buðu SOS Barnaþorpin íslenskum grunnskólum að vera með í Öðruvísi jóladagatali. Rúmlega eitt þúsund íslenskir grunnskólanemendur tóku þátt í verkefninu sem er að norski fyrirmynd.

Á hverjum skóladegi á aðventunni opnuðu nemendurnir nýjan glugga í dagatalinu þar sem sýnd voru myndbönd um börn í mismunandi heimshlutum. Börnin á skjánum áttu það öll sameiginlegt að fá aðstoð frá SOS Barnaþorpunum á einhvern hátt. Á sama tíma og nemendur fengu innsýn í aðstæður barna í öðrum löndum lærðu þeir að jólin snúast ekki síður um að gefa en að þiggja.

Nemendurnir unnu létt heimilisverk heima við, fengu smá aur frá foreldrum fyrir, settu peninginn í lokað umslag og skiluðu til kennarans. Alls söfnuðust rúmlega þrjú hundruð þúsund krónur með þessum hætti. Fjárhæðin rann öll til SOS Barnaþorpsins í Kígali, Rúanda, þar sem er pláss fyrir 150 börn sem ekki hafa í önnur hús að venda. Að auki eru þar grunnskóli, leikskóli og verkmenntaskóli, þar sem alls 970 nemendur geta sótt menntun.

Frumraun Öðruvísi jóladagatala heppnaðist afar vel og þökkum við öllum þeim skólum sem tóku þátt kærlega fyrir. Við hlökkum til næstu jóla og vonumst til að viðtökurnar verði jafn góðar þá.

Nánari upplýsingar um Öðruvísi jóladagatal má finna á [sos.is](http://sos.is) eða hjá Sunnu á netfanginu [sunna@sos.is](mailto:sunna@sos.is)

# EIN STÓR FJÖLSKYLDA Í SOS BARNABORPINU Í JAKARTA



Íslendingarnir, leikskólakennarar, mæður og börn



SOS Fjölskylda

Í síðasta mánuði var ég á ferðinni í Indónesíu en það er ríki í Suðaustur-Asíu sem samanstendur af 17.508 eyjum. Indónesía er stærsta ríki heims sem telst til eyjaklasa og fjórða fjölmennasta ríki heims. Það gefur því að skilja að upplifunin var mikil þegar stigið var úr flugvélinni í Jakarta, höfuðborg landsins.

Ég og samferðarkonur mínar höfðum samband við SOS Barnaþorpið í Jakarta áður en ferðalagið hófst með það í huga að fá að koma í heimsókn í þorpið og skoða aðstæður. Það var nú ekki málið, Íslendingum var boðið að gista eins lengi og þeir vildu, og úr varð að við eyddum fjórum dögum í þorpinu. Okkur leið pínulítið eins og fjölskyldumeðlimum sem voru loksins að koma í heimsókn eftir

langa fjarveru, slík var velvildin. Í fjögur ár hef ég unnið fyrir SOS Barnaþorpin á Íslandi og aldrei heimsótt þorp utan Vesturlanda. Ég hef þó alltaf vitað hversu magnað starf er unnið í þorpinum en það að upplifa SOS heiminn í Jakarta frá fyrstu hendi var ólýsanlegt.

Ég gæti eflaust skrifað margar síður um heimsóknina en þarf þó að stikla hér á stóru.

Það fyrsta sem upp kemur í hugann þegar ég minnst heimsóknarinnar í þorpið er ást og umhyggja. Í þorpinu búa 140 börn í fimmtán húsum, það elsta er 23 ára en það yngsta aðeins sjö mánaða. Þá eru þar 15 SOS mæður, þrjár feður og tvær frænkur (sem eru SOS mæður í þjálfun). Í hverju húsi bjó fjölskylda með sína

sögu, áhugamál og húmor. Mikill samgangur var á milli húsa en þegar leið á daginn fóru börnin heim til sín og oftast en ekki var þá knúast yfir sjónvarpinu eða heimalærdómurinn kláraður.


Indónesía er það ríki heims, þar sem flestir múslímar búa. Fleiri trúarbrögð eru þó í landinu og það virðist vera mikil virðing fyrir mismunandi trúarbrögðum. Forstöðumaður SOS Barnaþorpsins sagði okkur að þar sem mikil trúarmening væri í landinu þyrftu samtökin að virða það þegar ný börn kæmu í þorpið. Því væri ávallt athugað hverrar trúar líffræðileg fjölskylda barnsins væri og barninu boðið að rækta þá trú. Í SOS Barnaþorpinu búa bæði múslímar og kristnir en sum



Lesið upp í leikskólanum



Börn að leik í leikskólanum



SOS leikskólinn í Jakarta



Yngsti meðlimur þorpsins með systur sinni



Þessir kettlingar bjuggu í einu húsinu ásamt mómmu sinni

heimilin skiptust eftir trúarbrögðum á meðan önnur voru blönduð. Á fimm heimilum bjuggu börn sem voru múslímar og á sex heimilum bjuggu börn sem voru kristin (bæði kaþólikkar og mótmælendur). SOS Barnaþorpin taka ekki afstöðu til ólíkra trúarbragða og þótti okkur Íslendingunum það til fyrirmyndar hvernig allir þessir ólíku einstaklingar bjuggu saman í sátt og samlyndi.

Fagmennskan var ríkjandi hjá öllu starfsfólki og augljóst að allar ákvarðanir voru teknar í þágu barnanna. Hvort sem það var forstöðumaðurinn, mæðurnar, bókarinn, leikskólakennararnir eða garðyrkjumaðurinn; allir deildu þeirri skoðun að þarna væru heimili barnanna og fjölskyldna þeirra.

Enginn vildi heyra minnst á orðið stofnun enda þorpið svo innilega langt frá því. Í því samhengi fékk SOS Barnaþorpið í Jakarta viðurkenningu fyrir að vera eitt besta munaðarleysisjaheimilið í borginni og fékk þá ábyrgð að vera með fræðslu fyrir önnur heimili. Starfsfólkið var ánægt með viðurkenninguna en helst ósátt með að þorpið væri kallað munarleysisjaheimili af ríkinu, því það væri nú ekki raunin.

Sem starfsmaður SOS Barnaþorpanna er ég meðvitað um að börnin sem eignast ný heimili í SOS Barnaþorpum, geta átt við ýmist vandamál að stríða. Um er að ræða börn sem koma frá brotnum heimilum, hafa misst foreldra sína

eða hreinlega aldrei þekkt þá. Börnin í Jakarta eru engin undantekning. Hins vegar eru móttökurnar sem börnin fá í þorpunum svo ótrúlegar. Þar er fjölskylda sem tekur á móti þeim opnum örmum og gerir allt til að hjálpa þeim að aðlagast. Ein móðirin í þorpinu sagði okkur að yfirleitt tæki það börnin um þrjá mánuði að aðlagast fullkomlega, sum tækju lengri tíma í það en sum styttri. En börnin í þorpinu áttu það sameiginlegt að gleðin skein úr andlitum þeirra. Þau voru virkilega hamingjusöm og áhyggjulaus, eins og börn eiga helst að vera.

**Sunna Stefánsdóttir**

**Upplýsingafulltrúi  
SOS Barnaþorpanna á Íslandi**

# Sjö barna móðir stefnir á fjárhagslegt sjálfstæði



Einstæð móðir að nafni Nguyen býr með börnum sínum sjö á aldrinum 7 til 22 ára í litlu þorpi í Víetnam. Eiginmaður Nguyen lést úr lungnakrabbameini fyrir sjö árum en þá var yngsta barn þeirra aðeins nokkurra mánaða gamalt.

Fjölskyldan var þá með búskap en aðstæður voru erfiðar og lítið kom upp úr krafsinu. Þegar fjölskyldufaðirinn lést varð ástandið enn verra.

Fyrir um fjórum árum kom fjölskyldan inn í Fjölskyldueflingarverkefni SOS Barnaþorpanna. Nguyen hafði reynt eins og hún gat að halda öllum börnunum í skóla en því miður ekki tekist það að fullu. Fyrsta verkefni SOS var því að koma þeim öllum í nám, borga skólagjöld og skólabúninga.

Ásamt því að bæta húsnæðiskost fjölskyldunnar útveguðu samtökin Nguyen eina kú sem fljótlega eignaðist kálf. Í dag á fjölskyldan eina kú, tvo kálfa, tvö svín og nokkrar hænur. Þá á hún þrjú opin svæði sem nýtast til ræktunar á ávöxtum og grænmeti.

Fjölskyldan fær einnig aðgang að heilsugæslu sem hefur nýst vel, sér í lagi fyrst um sinn þegar börnin voru ekki við góða heilsu. Í dag eru börnin mjög heilsuhaus og standa sig vel í námi. Eldri börnin hjálpa móður sinni við búskapinn þegar þau hafa tíma.



Fjölskyldueflingin er sá þáttur í starfi SOS Barnaþorpanna sem hraðast vex en þeim verkefnum er haldið uppi af Fjölskylduvinum SOS Barnaþorpanna.

Markmið Fjölskyldueflingar SOS er að forða börnum frá aðskilnaði við illa stadda foreldra sína - og hjálpa foreldrunum að mæta þörfum barnanna.

Hundruð þúsunda barna og fjölskyldur þeirra fá aðstoð í formi menntunar, heilsugæslu, ráðgjafar, barnagæslu og annarra þátta sem hjálpa þeim að yfirstíga erfiðleika og lifa betra lífi – sem fjölskylda.

**Takk Fjölskylduvinir!**

”

Þegar ég byrjaði í verkefninu var ég langþreytt og stóð mig ekki nægilega vel í móðurhlutverkinu. Ég elska börnin mín af öllu hjarta og vil að þau mennti sig vel svo þau endi ekki eins og ég. Fyrst um sinn þegar SOS bauð fram aðstoð sína var ég of stolt til að þiggja hana. Þegar ég loksins lét eftir sá ég árangur strax. Ég vil þakka SOS Barnaþorpunum innilega fyrir hjálpina en ég stefni á að verða fjárhagslega sjálfstæð fljótlega.

Nguyen.

## Fjölskylduvinir óskast!

Vilt þú styrkja Fjölskyldueflingu og koma í veg fyrir aðskilnað barna og foreldra?

[www.sos.is](http://www.sos.is).



# FORELDRAR MEÐ AUKA PLÁSS Í HJARTANU

SOS foreldrar skipa stóran sess í lífi barna sem búa í SOS Barnaþorpunum. Þegar barn flytur í SOS Barnaþorp eignast það nýja fjölskyldu, nýtt heimili og nýtt foreldri, já eða foreldra.

SOS foreldrið er höfuð fjölskyldunnar. Enn sem komið er eru SOS mæður í meirihluta en SOS feðrum er sífellt að fjölga, þá sér í lagi í Evrópu. Einstaklingurinn sem sinnir SOS foreldrahlutverkinu hefur hlotið menntun í að sinna börnum sem mörg hver hafa upplifað erfiða tíma. Um er að ræða tveggja til þriggja ára nám, bæði bóklegt og svo verklegt inni á heimili.

SOS foreldrar geta flutt í barnaþorp með líffræðileg börn með sér sem verða þá hluti af systkinahópnum.



## MAMMA TERRIE (61 ÁRS)

### *Davao á Filippseyjum*

Ég vil að börnin mín viti að þau geta alltaf komið til mín. Ég verð til staðar fyrir þau svo lengi sem ég lífi. Ég er mamma þeirra og þetta er heimili þeirra. Ég hef alið upp 36 börn síðan ég byrjaði sem SOS móðir árið 1981. Ég var ein af fyrstu mæðrunum sem fluttu inn í þetta þorp. Það eru mikil forréttindi að fá að sinna móðurhlutverkinu á þennan hátt en á sama tíma mikil ábyrgð.



## CATHERINE MUSHANAWANI (45 ÁRA)

### *Bindura í Simbabve*

Það allra mikilvægasta sem maður getur gefið börnum sem flytja í SOS Barnaþorp er ást. Ég hef verið SOS móðir í átján ár og á nú tíu barna systkinahóp. Hvert og eitt þeirra hefur sína styrkleika og þá þarf maður að efla.

Ég þarf þó líka að passa að börnin finni til ábyrgðar. Þess vegna fá þau sitt hlutverk á heimilinu, til dæmis þegar kemur að tiltektardögum. Hlutverkin fara eftir aldri en ég passa að stelpur og strákar fái sömu hlutverkin.



## OKSANA | Brovary í Úkraínu

Að vera SOS mamma er ekki starf, það er lífstíll. Ég á sex börn en fimm af þeim eru líffræðileg systkini. Þau bjuggu áður á barnaheimili og þegar það átti að ættleiða þau á sitthvort heimilið gripu SOS Barnaþorpin inn í. Ég er afar þakklát fyrir það, því þau eiga að sjálfsgöðu öll að búa saman.

Það tók mig tíma að vinna inn traust þeirra en það kom að lokum. Ég sé okkur sem venjulega fjölskyldu; ég er mamma þeirra og þau eru börnin mín.



## MAMMA FADIA | Betlehem í Palestínu

Ég elska öll börnin mín. Og ekki bara þau sex sem búa á mínu heimili, mér þykir vænt um öll börnin í barnaþorpinu. Ég hef verið SOS móðir í 24 ár og á þeim tíma hef ég alið upp 34 börn. Níu af þeim eru gift og eiga sínar fjölskyldur og alls á ég 14 barnabörn.

Börnin mín sex í dag eru líffræðileg systkini. Ég man vel eftir deginum sem þau komu til mín en það var afar erfitt fyrir þau þar sem þau áttu líffræðilega móður á lífi, sem gat því miður ekki sinnt þeim. Það tók systkinin um þrjá mánuði að aðlagast að fullu og í dag ríkir fullkomið traust okkar á milli.



## ALICIA (25 ÁRA) | Montevideo í Úrúgvæ

Ég ólst upp í SOS Barnaþorpi og átti mér alltaf þann draum að gerast SOS móðir. Eftir að ég eignaðist mitt fyrsta barn ákváðum við hjónin að gerast SOS foreldrar og búum í þorpinu ásamt strákunum okkar fjórum, þar af einum líffræðilegum syni.

Mér þykir mjög mikilvægt að börnin mín fái sömu tækifæri og ég fékk. Einn strákanna minna ólst fyrstu árin sín upp á götunni. Hann hafði aldrei farið í skóla og átti mjög erfitt með samskipti. Hann þurfti á mikilli umhyggju og aðhaldi að halda og í dag, þremur árum síðar, stendur hann sig vel í skólanum, spilar handbolta og á marga góða vini.

## STAÐREYNDIR UM SOS FORELDRA

SOS foreldrar alls: **5.937**

Austur- og Suður-Afríka **1.086**

Norður-Afríka **238**

Mið- og Vestur-Afríka **547**

Asía **1.931**


Mið- og Austur-Evrópa **618**

Vestur-Evrópa og Norður-Ameríka **531**


Suður-Ameríka **959**

## HVAÐ HAFNA SOS FORELDRA UNNIÐ LENGI?

- 1% foreldra hafa unnið í minna en eitt ár
- 22% foreldra hafa unnið í 1-5 ár
- 27% foreldra hafa unnið í 6-10 ár
- 34% foreldra hafa unnið í 11-20 ár
- 16% hafa unnið í meira en 20 ár



## ALDURSSKIPTING SOS FORELDRA





**SOS  
BARNABÖRPIN**

Öll börn vilja gott heimili

**Það er okkur mikið gleðiefni að geta sent þér fréttablað SOS Barnabörpanna. Við vonum að þú njótir lestursins og fáir innsýn í starf samtakanna um allan heim.**

**Vert er að benda á að prentkostnaður blaðsins er greiddur af fyrirtæki og því ekki tekinn af þínum framlögum.**

**Útgáfa fréttablaðsins er hluti af fjáröflun samtakanna og því fylgir reikningsnúmer hér að neðan. Þú ræður að sjálfsgöðu hvort og þá hve mikið þú greiðir fyrir blaðið en frjáls framlög koma sér svo sannarlega vel fyrir skjólstæðinga SOS.**

**Ef þú vilt greiða fyrir fréttablaðið og gefa þannig frjálst framlag til SOS Barnabörpanna, vinsamlegast millifærðu inn á eftirfarandi reikning:**

**REIKNINGSNÚMER: 0130-26-9049**

**KENNITALA: 500289-2529**

**Einnig er hægt að hringja í símanúmerið 907-1001 og gefa þannig 1.000 kr. stakt framlag til SOS Barnabörpanna.**

